

Fimmtudaginn 10. maí 1979.

Nr. 86/1977. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

gegn

Stefáni Bjarnasyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Afrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 7. júní 1977. Krefst hann þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi og stefndi dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefst hann þess, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda „launamismun 27. og 24. launaflokks“ fyrir tímabilið frá 1. apríl 1971 til 1. apríl 1972, en málskostnaður falli niður. Þá krefst afrýjandi þess enn til vara, að kröfur stefnda í máli þessu verði lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í málinu hefur stefndi, sem var stefnandi máls í héraði, ekki tiltekið þá fjárhæð, sem hann krefst úr hendi afrýjanda vegna launa og iðgjalda til lífeyrissjóðs, sem hann telur gjaldfallin, en vangoldin. Kröfur hans eru að þessu leyti ódómhæfar, sbr. 88. gr. laga nr. 85/1936, en ekki var efni til samkvæmt 69. gr. sömu laga að veita sérstaklega dómsviðurkenningu um réttmæti þeirra.

Samkvæmt þessu og þegar gætt er tengsla skaðabótakröfu stefnda, að fjárhæð 300.000 krónur, við framangreindar launa- og iðgjaldakröfur hans, þykir bera að ómerkja hinn

áfrýjaða dóm og vísa málinu þegar af þessari ástæðu frá héraðsdómi.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 200.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Stefán Bjarnason, greiði áfrýjanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. mars 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 17. f. m., hefur Stefán Bjarnason verkfræðingur, Kleppsvegi 132 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 10. maí 1973, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Samkvæmt endanlegri kröfugerð í málinu krefst stefnandi þess, að stefnda verði gert að greiða sér launamismun milli 24. launaflokks og 27. launaflokks samkvæmt samningi ríkisins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem gerður var 19. desember 1970, frá 1. janúar 1971 til 31. desember 1973 og enn fremur frá 1. janúar 1974 til 1. febrúar 1975, eins og hann er á hverjum tíma, ásamt 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1971 til 1. júní 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er krafist launamismunar á sama hátt frá 1. janúar 1971 til 31. mars 1972 ásamt vöxtum eins og í aðalkröfu. Til þrautavara er krafist ofangreinds launamismunar fyrir tímabilið 1. janúar 1971 til 31. mars 1971 auk vaxta eins og í aðalkröfu. Þá er þess jafnframt krafist, að stefndi greiði stefnanda til lífeyrissjóðs hans í samræmi við framangreindar kröfur. Þá er og krafist miskabóta og skaðabóta úr hendi stefnda, eigi lægri en kr. 300.000 með sömu vöxtum og áður er krafist í kröfugerðinni. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda, þó eigi lægri en samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi krafðist þess í upphafi, að málinu yrði vísað frá dómi, en með úrskurði, uppkveðnum 28. febrúar 1975, var frávísunarkröfunni hrundið.

Af hálfu stefnda eru þær efniskröfur gerðar í málinu aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, til vara, að stefnda verði einungis gert að greiða stefnanda launamismun 27. launaflokks og 24. launaflokks fyrir tímabilið frá 1. apríl 1971 til 1. apríl 1972, en til þrautavara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar að mati dómarans. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að stefnandi hóf starf hjá Iðnaðarmálastofnun Íslands í septembermánuði 1965. Hafði stefnandi áður starfað hjá ýmsum ríkisstofnunum og veitt nokkrum þeirra forstöðu. Þann 19. desember 1970 gerði Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs með sér samning um kaup og kjör starfsmanna ríkisins, er gilda skyldi fyrir tímabilið 1. júlí 1970 til 31. desember 1973. Er þetta gerðist, bar stefnandi starfsheitið deildarverkfræðingur og tók laun samkvæmt því eftir 24. launaflokki í launakerfi starfsmanna ríkisins. Samkvæmt 1. gr. greinds samnings voru launaflokkar ákveðnir 29. Hverjum flokki hinna 24 fyrstu launaflokka fylgdi ákveðinn stigafjöldi, og samkvæmt 18. gr. samningsins skyldu störf þau, sem starfsmenn gegndu, metin starfsmati til launaflokka eftir stigafjölda þessa kerfis, en í fylgiskjali nr. 11 með kjarasamningnum var störfunum síðan raðað í launaflokka þessa. Var starfi verkfræðinga þar skipað í 24. launaflokk, en deildarverkfræðings í 27. launaflokk. Til undirbúnings skipunar starfa í launaflokka sömdu starfsmenn starfslýsingar, þar sem gerð var grein fyrir starfinu í heild, einstökum þáttum þess og innbyrðis þeirra vægi áætlað. Er þar um að ræða m. a. menntun, reynslu, starfsþjálfun, sjálfstæði og frumkvæði, þekkingu á vélum, tengsl og ábyrgð. Stefnandi fékk nú greidd laun fyrir mánuðina janúar-mars 1971 samkvæmt 27. launaflokki, en frá og með 1. apríl voru honum greidd laun samkvæmt 24. launaflokki. Stefnandi mun áður hafa verið búinn að fá vitneskju um þessa ákvörðun, því að hinn 2. mars ritaði hann Kjarasamninganefnd ríkisins bréf, þar sem hann gerði grein fyrir starfsferli sínum hjá hinum ýmsu ríkisstofnunum og síðast sem deildarverkfræðings hjá Iðnaðarmálastofnun Íslands. Taldi hann ákvörðun þessa hljóta að vera byggð á misskilningi og óskaði leiðréttingar. Í

bréfi iðnaðarráðuneytisins, dags. 26. apríl 1971, þar sem afstaða er tekin til þessa erindis stefnanda, segir svo:

„Sú meginbreyting var gerð við nýafstaðna kjarasamninga, að hætt var við að raða „starfsheitum“ í launaflokka, en þess í stað raðað „störfum“ í samræmi við starfsmat ríkisins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sbr. ákvæði 18. gr. samningsins.

Samkvæmt samningnum átti að skipa störfum í launaflokka eftir eðli þeirra og umfangi, en ekki eftir þeim starfsheitum, sem einstaklingar höfðu borið. Þannig missti megin þorri starfsmanna á skrifstofum „starfsheiti“, er þeir höfðu borið, t. d. „ritari“, „gjaldkeri“, „bókari“ og „fulltrúi“, en eru nú skv. samningum taldir gegna störfum „skrifstofufólks I“, „skrifstofufólks II“, „skrifstofufólks III“ o. s. frv.

Við mat á störfum Stefáns Bjarnasonar hlaut að koma til álita, hvort telja skyldi starf hans sambærilegt störfum verkfræðinga hjá Vegagerð ríkisins eða sérfræðinga á rannsóknarstofnunum. Til álita kom og, hvort telja skyldi hann hliðstæðan umdæmisverkfræðingum Vegagerðar. Hins vegar var talið, að deildarverkfræðingur þyrfti að hafa forsjá á störfum verkfræðinga eða annarra tæknifróðra manna. Þar sem upplýst var, að Stefán gegndi eigi slíku starfi, var ekki talið fært að launa störf hans skv. 27. lfl.

Ráðuneytið hefur skv. tillögu samninganefndar talið störf Stefáns Bjarnasonar hæfilega launuð skv. 24. lfl., og má minna á í því sambandi, að gert er ráð fyrir, að störf deildarstjóra í stjórnnarráði flokkast í 24., 25. og 27. lfl.“

Stefnandi mun hafa gert frekari tilraunir til að ná fram breytingu á þessu atriði, en án árangurs. Bandalag starfsmanna ríkis- og bæja vísaði þá málinu til Kjaranefndar og gerði þá kröfu, að starf stefnanda yrði skilgreint sem starf deildarverkfræðings, og skyldi hann taka laun samkvæmt 27. launaflokki launakerfis ríkisstarfsmanna. Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs var þess krafist við meðferð málsins fyrir Kjaranefnd, að kröfu yrði hrundið. Voru mótmælin byggð á því, að starfi stefnanda hefði verið skipað í launaflokk, en ekki starfsheiti hans. Þá hefði stefnandi ekki gert grein fyrir deild þeirri, er hann stjórnaði innan stofnunarinnar. Við meðferð málsins fyrir Kjaranefndinni kom fram lýsing á starfi stefnanda, sögð samin af honum og endurrituð 9. maí 1972. Er hún árituð af forstöðumanni stofnunarinnar, Sveini Björnssyni. Taldi stefnandi eðlilegt, að starfið væri metið þannig: menntun 203 stig, starfsþjálf-

un 120-140 stig, sjálfstæði og frumkvæði 130 stig, tengsl 40 stig og ábyrgð 60 stig, eða alls 653-673 stig. Með úrskurði, uppkveðnum 18. desember 1972, hafnaði meiri hluti Kjaranefndar kröfu stefnanda á þeim grundvelli, að starfslýsing gæfi ekki nægilegan stigafjölda, til að unnt væri að verða við kröfunni. Höfðaði stefnandi síðan mál þetta.

Hér fyrir dómi hefur stefnandi skýrt svo frá, að áður en hann hóf starf hjá Iðnaðarmálastofnun Íslands, þá hafi hann unnið hjá ýmsum öðrum ríkisstofnunum. Hann hafi í upphafi starfað hjá Landssíma Íslands í um eitt ár. Á árinu 1947 hafi hann svo tekið við embætti rafmagnseftirlitsstjóra ríkisins og gegnt því til ársins 1953. Hann hafi síðan um þriggja ára skeið unnið sem verkfræðingur hjá einkafyrirtæki, en á árinu 1956 hafi hann verið ráðinn yfirverkfræðingur hjá Ríkisútvarpinu samkvæmt samningi stofnunarinnar og Verkfræðingafélags Íslands. Það starf hafi svo verið lagt niður að loknu verkfalli á árinu 1961. Hann kveðst svo hafa tekið til starfa sem deildarverkfræðingur hjá Iðnaðarmálastofnun Íslands í septembermánuði 1965 og þá ráðinn af ráðherra þeim, sem fór með málefni þeirrar stofnunar. Á þessum tíma hafi verið svokölluð upplýsinga- og tæknideild innan stofnunarinnar og hafi hann verið ráðinn til að veita þessari deild forstöðu og þegið laun sem deildarverkfræðingur. Þá kveðst stefnandi frá upphafi starfsins hjá stofnuninni hafa verið í ritstjórn ritsins Iðnaðarmál. Með nýjum lögum hafi svo nafni stofnunarinnar verið breytt í Iðnþróunarstofnun Íslands og hafi starfssvið hennar jafnframt verið aukið, en ekki hafi orðið á breyting á starfi sínu við það. Um þetta leyti hafi verið ráðinn nýr verkfræðingur til að vinna að stöðlun og hafi þá verið mynduð sérstök stöðlunardeild, klofin út úr upplýsinga- og tæknideild. En hann hafi eftir sem áður veitt þeirri deild forstöðu. Ekki kveður stefnandi starf sitt hafa rýrnað svo neinu nemi við stofnun stöðlunardeildarinnar. Hann kveður starf sitt stöðugt hafa hafa vaxið bæði að því er tók til eiginlegra starfa deildarinnar svo og í sambandi við sérverkefni, sem sér hafi verið fengin. Hann kveður það síður en svo, að starf sitt hafi minnkað eða dregist saman við þá lækkun, sem varð á launum hans frá ársbyrjun 1971. Stefnandi kveðst hafa samið að beiðni forstöðumanns stofnunarinnar skrá um skipulag og starfsfólk stofnunarinnar og m. a. starfsskiptingu og komi þar fram, hvernig starfsemi deildar sinnar sé háttað.

Sveinn Björnsson, framkvæmdastjóri Iðnþróunarstofnunar Ís-

lands, kveður Iðnaðarmálastofnun ríkisins hafa verið lagða niður í aprílmánuði 1971 og hafi þá hin nýja stofnun tekið við, en einnig hafi verið gerðar fleiri breytingar. Kveðst hann hafa verið framkvæmdastjóri stofnunarinnar, þegar stefnandi réðst til hennar. Kveðst Sveinn telja, að stefnandi hafi verið ráðinn sem almennur verkfræðingur með munnlegu samkomulagi. Af minnisblaði frá 15. september 1965 telji hann koma fram, að stefnandi hafi verið ráðinn frá þeim tíma, og hafi þá verið talið, að ráðningartími yrði eitt ár og að athugað yrði um áramótin 1965/1966, hvort stefnandi fengi starfskjör deildarverkfræðings. Þarna sé starfsvið einnig nánar tilgreint og sé minnst á upplýsingaþjónustu og tæknaðstoð, yfirumsjón með bókasafni og meðstjórn Iðnaðarmála, sem sé tímarit stofnunarinnar, svo og annað eftir samkomulagi. Sé þetta minnisblað undirritað af sér og stefnanda. Kveðst Sveinn telja, að ráðningarbréf hafi ekki verið gert. Samkvæmt þessu hafi stefnandi verið ráðinn almennur verkfræðingur, en hann hafi síðan látið í ljós áhuga á að fá stöðu deildarverkfræðings. Hljóti flokkun stefnanda í launakerfi að segja til um, hvernig því atriði hefur reitt af. Sveinn kveður ekki fyrir hendi neinar reglur um það innan stofnunarinnar, hvaða störfum verkfræðingur þurfi að gegna til að teljast deildarverkfræðingur. Kveður hann sér ókunnugt um, að fyrir hendi séu reglur um, hvað búa skuli bak við slíkt stöðuheiti, sem ríkisstofnunum beri að fara eftir. Hann kveður starfslið stofnunarinnar ekki mannmargt, en verkefnin mörg og viss verkaskipting fyrir hendi. Samt sem áður hafi stofnuninni ekki verið sett reglugerð og því engin formleg deildarskipting ákveðin. Hafi stefnandi verið ætlað starfssvið, sem nefnt sé upplýsingaþjónusta og tæknaðstoð, en auk þess hafi hann eins og aðrir starfsmenn sinnt öðrum störfum og m. a. átt þátt í að ritstýra tímariti, sem stofnunin gefur út. Sveinn kveðst ekki minnst þess, að stefnandi hafi haft annað starfsfólk stofnunarinnar undir sinni stjórn. Sveinn hafi litið svo á, að áritun sín á starfslýsingu stefnanda þýddi, að hann hefði séð hana frekar en hann hefði samþykkt hana. Í bréfi, sem hann ritaði iðnaðarráðuneytinu 20. september 1966, hafi hann farið fram á breytingar á þremur starfsheitum. Komi þar fram tillaga um breytingu á starfsheiti stefnanda í deildarverkfræðing, sem taki laun samkvæmt 24. launaflokki.

Svo sem áður er rakið, kom fram krafa um frávisun málsins af hálfu stefnanda (sic). Var hún byggð á því, að ágreiningsefnið um skipun stefnanda í launaflokk hafi farið fyrir Kjaranefnd

til úrskurðar, svo sem mælt hafi verið fyrir um í 24. gr. laga nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nú lög nr. 45/1973. Úrskurður nefndarinnar sé endanlegur fullnaðarúrskurður um það efni. Kjaranefnd sé dómstóll, lögskipaður gerðardómur, sem úrskurða skuli um nákvæmlega tiltekin ágreiningsefni, er upp kunni að koma við skýringu á kjarasamningum opinberra starfsmanna, þar á meðal skipun einstakra manna í launaflokka. Úrskurðir nefndarinnar séu endanlegir og bindandi úrlausnir eins og dómar annarra dómstóla. Tilgangurinn með þessari skipan sé sá, að nauðsynlegt samræmi í úrlausnum þess konar deilumála verði aðeins tryggt með því, að einn dómstóll fjalli um þau öll. Jafnframt hafi þótt sýnt, að verulegrar sérþekkingar væri þörf við úrlausn þessara mála. Því hafi þótt nauðsynlegt að leggja mál þessi fyrir sérstakan dómstól, en skipan Kjaranefndar og málsmeðferð fyrir henni tryggi málsaðiljum sambærilegt réttaröryggi og almenn meðferð fyrir dómstólum. Í máli því, sem hér er til úrlausnar, séu gerðar sömu kröfur og gerðar voru fyrir Kjaranefnd. Um þær hafi Kjaranefnd þegar dæmt að efni til og því verði þær ekki hafðar uppi hér að nýju skv. 195. gr. og 196. gr. laga nr. 85/1936. Þá var því haldið fram, að þótt stefnandi hafi nú uppi þá nýju málsástæðu, að staða hans hafi verið lögð niður, þá hafi atvik þau, sem þar koma til, verið ljós frá upphafi og hafi honum borið að höfða þegar í stað mál fyrir almennum dómstólum, en það heimili stefnanda ekki að leggja málið nú fyrir almenna dómstóla.

Meginröksemdir stefnanda gegn frávísunarkröfunni voru þær, að Kjaranefnd sé ekki dómstóll, heldur yfirvald, en sú sé meginregla íslensks réttar, að réttmæti yfirvaldsúrskurða mega bera undir almenna dómstóla og sé sú regla varin af 60. gr. stjórnarskrárinnar. Lagaákvæði, sem gangi í aðra átt, beri að skýra þröngt. Ákvæði 24. gr. laga nr. 55/1962, nú 25. gr. laga nr. 46/1973, mæli þó ekki fyrir um, að óheimilt sé að bera réttmæti úrskurða Kjaranefndar undir dómstóla. Í máli þessu sé einnig höfð uppi sú málsástæða, að staða deildarverkfræðings, sem stefnandi hafi gegnt, hafi verið lögð niður, og hljóti stefnanda að vera heimilt að bera málið undir almenna dómstóla á þeim grundvelli.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að hann hafi verið fastráðinn deildarverkfræðingur við Iðnaðarmálastofnun Íslands við gerð kjarasamnings Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs 19. desember 1970. Þótt

ekki hafi komið fram gögn um ráðningu hans, sé það ekki hans sök, en samkvæmt lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, 7. tl. 4. gr., sbr. 14. gr., hafi hann átt rétt til fastráðninga. Er bent á í því sambandi, að hann hafi tekið laun samkvæmt launakerfi ríkisstarfsmanna, en ekki samkvæmt gjaldskrá verkfræðinga, svo sem tíðkast hafi á þessum tíma um lausráðna verkfræðinga. Er því haldið fram, að stefnandi hafi mátt treysta því, að ráðning hans skipaði honum rétt samkvæmt því kerfi, sem ríkisstarfsmenn störfuðu við. Aðalkrafa stefnanda er byggð á því, að hann hafi gegnt áfram starfi sem fastráðinn deildarverkfræðingur við stofnunina, og því eigi hann rétt á launum í samræmi við það, en það hafi verið laun samkvæmt 27. launaflokki greinds kjarasamnings. Því hafi verið ólöglegt að greiða stefnanda laun samkvæmt 24. launaflokki eftir 1. apríl 1971. Er því einnig haldið fram, að efnisrök hafi heldur ekki legið til að ákveða honum laun í 24. launaflokki. Einnig kom fram það sjónarmið af hálfu stefnanda, að samkvæmt launalögum þeim, sem í gildi voru fyrir gildistöku laga nr. 55/1962, hafi starfsmaður átt að halda óbreyttum launum, þótt hann væri færður milli starfa, og eigi stefnandi, sem starfað hafði hjá ríkisstofnunum um tuttugu ára skeið, átt að njóta þessa hagræðis. Verði ekki á þessi rök fallist, er því haldið fram, að líta megi svo á, að staða sú, sem stefnandi gegndi, hafi verið lögð niður 1. apríl 1971 og eigi hann samkvæmt ákvæði 4. tl. 4. gr. laga nr. 27/1965 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna rétt á föstum launum með þeim kjörum, sem fylgdu stöðu hans, eigi skemur en 12 mánuði frá því hún var lögð niður. Við munnlegan flutning málsins var þrautavarakrafa stefnanda byggð á því, að breyting sú, sem gerð var á launum hans, sé háð þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Að því er varðar bótakröfu stefnanda er því haldið fram, að löglíkur verði að teljast fyrir því, að hann hafi orðið fyrir beinu fjárhagstjóni og miska. Var fjárhæð þessa kröfuliðar sundurliðuð þannig við munnlegan flutning málsins, að fjárhagstjón nemi kr. 200.000 og miski kr. 100.000.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að ákvæði 4. gr., sbr. 14. gr., laga nr. 38/1954 taki ekki til ágreiningsefnis þess, sem hér er til úrlausnar, enda hafi staða stefnanda ekki verið lögð niður og gegni hann henni enn. Virðist stefnandi sjálfur einnig hafa litið svo á, er hann vísaði máli sínu til Kjaranefndar. Með því hafi hann viðurkennt, að ágreiningsefnið varði niðurröðun í

launaflokka, en ekki að staða hans hafi verið lögð niður, enda hafi Kjaranefnd ekki úrskurðarvald um það atriði. Með kjarasamningnum frá 19. desember 1970 hafi engar stöður verið lagðar niður. Á hinn bóginn hafi sú breyting verið gerð á launakerfinu, að hætt hafi verið að raða starfsheitum í launaflokka, en mönnum í þess stað skipað í launaflokka eftir kerfisbundnu mati á eðli starfa þeirra án tillits til starfsheita. Staða stefnanda hafi þannig alls ekki verið lögð niður, þó stefnanda væri skipað í 24. launaflokk, enda hafi störf hans og verkefni að öllu leyti verið hin sömu eftir sem áður. Einungis hafi verið um að ræða niðurröðun í launaflokk í samræmi við gerðan kjarasamning, enda hafi fjölmargir aðrir ríkisstarfsmenn mátt setta sig við lækkun í launaflokki eftir þessa samningsgerð. Varakrafa stefnda er byggð á því, að jafnvel þótt svo verði litið á, að staða stefnanda hafi verið lögð niður, eigi hann ekki rétt á launum samkvæmt 27. launaflokki lengur en eitt ár, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954, en frá þeim launum beri síðan að draga þau laun, sem stefnandi þáði skv. 24. launaflokki á þeim tíma, sbr. 5. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954. Í 14. gr. laga þessara sé um að ræða lögákveðnar bætur vegna niðurlagningar stöðu og geti aldrei orðið um frekari bætur að ræða af þeim sökum. Því er mótmælt af hálfu stefnda, að staða stefnanda hafi verið lögð niður, en ef svo verður litið á, er því mótmælt, að staðan hafi verið stofnuð að nýju.

Af hálfu stefnda er kröfu stefnanda um skaðabætur og miska-bætur vegna vanvirðu og valdníðslu mótmælt á þeim grundvelli, að hér sé um að ræða bætur fyrir ófjárhagslegt tjón, sem ekki verði tekin til greina nema fyrir hendi sé lagaheimild. Ekki veiti 264. gr. almennra hegningarlaga grundvöll fyrir slíkri bótakröfu, enda skipun stefnanda í launaflokk ekki „meingerð drýgð af illfýsi“. Einnig sé með öllu ósannað, að stefnandi hafi borið nokkra vanvirðu af skipun í 24. launaflokk. Til vara er þess krafist, að þessi þáttur í kröfugerð stefnanda verði stórlega lækkaður.

Ekki er fyllilega ljóst, hvernig háttað var ráðningu stefnanda til starfa við Iðnaðarmálastofnun Íslands, en telja verður nægilega fram komið, að við gerð kjarasamningsins 19. desember 1970 hafi stefnandi starfað við stofnunina sem fastráðinn deildarverkfræðingur og samkvæmt því tekið laun samkvæmt 24. launaflokki. Við röðun í launaflokka á grundvelli kjarasamningsins frá 19. desember 1970 var starfi stefnanda svo skipað í 24. launaflokk.

flokk í launakerfi því, sem þá var búið til, en starfi deildarverkfræðinga skipað í 27. launaflokk. Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að efnisrök hafi ekki legið til breytingar þeirrar, sem gerð var við þetta á launum hans. Verður að líta svo á, að með þessu sé haldið fram, að ekki hafi verið fyrir hendi lögmætur grundvöllur fyrir þessari ákvörðun. Þykir mega leggja dóm á málið á þeim grundvelli. Ekki er komið fram, að einstakir þættir í starfi stefnanda hafi verið metnir til stigafjölda, er því var skipað í 24. launaflokk á grundvelli kjarasamningsins frá 19. desember 1970. Við meðferð málsins fyrir Kjaranefnd kom fram frá stefnanda starfslýsing og mat á einstökum þáttum starfsins, sem skipaði honum í 27. launaflokk, ef rétt var. Þykir ekki í ljós leitt, að í upphafi málsmeðferðar hafi verið skilyrði til að skipa starfi því, sem stefnandi gegndi, í launaflokk með starfi verkfræðinga í stað þess að skipa því með starfi deildarverkfræðinga. Verður að líta svo á, að mál stefnanda hafi ekki legið fyrir Kjaranefnd með fullnægjandi hætti. Því sé stefnandi ekki bundinn af ákvörðun þeirri, sem skipaði starfi hans í 24. launaflokk, eða niðurstöðu Kjaranefndar. Verður að telja það innan valdsviðs dómsins að dæma um niðurstöðu Kjaranefndar á þessum grundvelli. Ekki þykja heldur hafa komið fram hér fyrir dómi rök, er réttlæti skipun stefnanda í launaflokk, svo sem gert var. Hefur komið fram hjá stefnanda, að eftir 1. apríl 1971 hafi honum verið gert að endurgreiða mismun launa 24. og 27. launaflokks, sem hann hafði fengið greidd frá 1. janúar til 1. apríl 1971. Þykir mega leggja dóm á málið á grundvelli kröfugerðar stefnanda, en kjarasamningurinn frá 19. desember 1970 gildi til 31. desember 1973, og því hefur verið lýst yfir af hálfu stefnda, að eftir það hafi verið tekið upp launakerfi, sem byggt hafi verið á öðrum grundvelli en launakerfið samkvæmt umræddum samningi, megi líta svo á, að ósannað sé, að skipun starfs stefnanda í 24. launaflokk hafi verið réttlætt, og megi ákveða honum laun samkvæmt 27. launaflokki til 31. desember 1973, þar sem starfi deildarverkfræðinga var skipað.

Ekki hefur stefnandi fært sönnur að beinu fjárhagstjóni, og ekki þykir lagagrundvöllur til að taka kröfu um miskabætur til greina. Verður stefndi því sýknaður af þeim þáttum kröfugerðar stefnanda.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verða úrslit málsins þau, að viðurkenndur er réttur stefnanda til mismunar á launum 24. og 27. launaflokks samkvæmt kjarasamningi fjár-

málaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem gerður var 19. desember 1970, frá 1. janúar 1971 til 31. desember 1973, og ber stefnda að greiða fjárhæð þá, sem þannig kemur fram, með 7% ársvöxtum frá 18. desember 1972 til 1. júní 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber að viðurkenna rétt stefnanda til framlags úr hendi stefnda til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisstofnana af greindum launamismun. Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 60.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Viðurkenndur er réttur stefnanda, Stefáns Bjarnasonar, til mismunar á launum 24. og 27. launaflokks samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem gerður var 19. desember 1970, fyrir tímabilið 1. janúar 1971 til 31. desember 1973 úr hendi stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, ásamt 7% ársvöxtum frá 18. desember 1972 til 1. júní 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber að viðurkenna rétt stefnanda til framlags úr hendi stefnda til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisstofnana af greindum launamismun. Stefndi greiði stefnanda kr. 60.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.
